

Aðalfundur Karalakórs Hreppamanna 14. október 2014

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 24. sept. 2013 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Töluverðar breytingar urðu á stjórn þar sem þeir Aðalsteinn formaður, Kristmundur gjaldkeri og Þorleifur ritari gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Nýir í stjórn voru kosnir þeir Ásmundur Sverrir Pálsson, Grímur Guðmundsson og Sigurður Bjarnason. Undirritaður var síðan kosinn í formannsstöðuna.

Starfsárið 2013-2014 var mjög viðburðaríkt og óvenju langt, því að æfingar hófust 3. september og síðustu tónleikar voru 31. maí.

4. október söng KKH við útför Sigurðar Sigmundssonar.

10. október rann síðan upp langþráð stund þegar kórfélagar ásamt mökum héldu í víking til Rómar, þar sem við áttum ánægjulega daga og menn gerðu vel við sig í mat og drykk. Menningu og sögu Rómar voru gerð góð skil í skipulögðum skoðunarferðum. Síðast en ekki síst þá héldum við eina skipulagða tónleika, ásamt því að syngja fyrir borgarbúa á flest öllum torgum Rómarborgar. 14. október var síðan haldið heim á leið.

8. nóvember var kórahittingur í Árnesi þar sem KKH, Vörðukórinn, Uppsveitasystur, Kirkjukór Hruna – og Hrepphóla, Kirkjukór -Ólafsvalla og Stóra- Núps hittust og sungu.

16. nóvember söng KKH í 30 ára afmælisveislu hjá Límtré á Flúðum þar sem við færðum Límtré innrammaða mynd af samsöng allra kóranna sem tóku þátt í Kötlumótinu 2010 í Límtrésverksmiðjunni á Flúðum.

22. nóvember var Karlakvöld KKH í umsjá 1. bassa

10. desember var síðasta æfing fyrir jóla, að venju var mökum boðið að koma og þiggja léttar veitingar ásamt því að hlýða á nokkur jólalög í flutningi KKH.

3. janúar stóð kórinn fyrir þrettándadansleik í félagheimilinu á Flúðum þar sem Bo Halldórs og co. léku fyrir dansi. Aðsókn var undir væntingum og þessi samkoma reyndist ekki vera sú fjáröflum sem við höfðum vonast til.

7. janúar var fyrsta æfing eftir áramót.

18. janúar var æfingadagur. Þá var komið að því að anda að sér sjávarloftinu og komast í rétta girinn fyrir sjómannaþema komandi vortónleika. Því var haldið niður á Eyrarbakka og æft af kappi í Samkomuhúsinu Stað.

15. febrúar hélt Agnar uppá 50 ára afmælið sitt með mikilli veislu eins og honum einum er lagið. Kórinn mætti að sjálfsgöðu og tók nokkur lög Agnari til heiðurs.

21. febrúar var haldið í Aratungu og sungið á karlakvöldi Lionsmanna.

23. mars var æfingadagur á Flúðum.

27. mars sungum við fyrir eldri borgara á Hótel Örk í Hveragerði.

6. apríl, eftir stífar æfingar með Magnúsi Guðmundssyni leikara og Gunnari Birni Guðmundsyni leikstjóra var komið að fyrstu tónleikum vorsins í Gamlabíói. Tónleikarnir voru vel sóttir og tókust prýðilega.

12. apríl var sungið fyrir fullu húsi á Flúðum og var kórnum ásamt þeim Hreini Þorkelssyni einsöngvara, Magnúsi, Gunnari Birni, Edit og Miklos fagnað vel og lengi að tónleikum loknum.

27. apríl fylltum við svo Hólmaröst á Stokkseyri í samstarfi við bæjarhátíðina Vor í Árborg.

29. maí var komið að því að fara til Grindavíkur á hátíðina Sjóarinn síkátí, þar sem sungið var í Grindavíkurkirkju.

31. maí – 1. júní var sjómanna dagshelgin. Nú var komið að lokum þessarar tónleikaraðar og það var vel við hæfi að enda þetta í Vestmannaeyjum. Þar sungum við í samkomusal Bethel og enduðum síðan á hátíðarkvöldverði með Sjómanna dagsráði í Höllinni.

7. júní var útreiðartúr kórsins í blíðu að venju. Upphaf og endir túrsins var á Kjóstöðum þar sem þau Hjalti og Ása grilluðu í mannskapinn.

Eins og þið heyrðið hefur þetta verið viðburðarríkt starfsár. Ef allt er talið, æfingar, tónleikar og aðrar uppákomur, eru þetta ca. 47 skipti sem kórinn hefur komið saman.

Að lokum þakka ég ykkur félagar fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Helgi Már Gunnarsson, formaður.